



27. nóvember 2019

Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir, jenny@hafnarfjordur.is

Próunarfulltrúi leikskóla Hafnarfjarðar
Strandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Kæra Jenný Dagbjört.

Eins og þú ef til vill veist, þá hefur verið staðið að rannsókn síðastliðin átta ár á útbreiðslu ónæmra baktería hjá börnum á leikskólum á höfuðborgarsvæðinu og við notið m.a. góðrar samvinnu við leikskóla Hafnarfjarðar. Mjög mikilvægt er að fylgjast með útbreiðslu þessara baktería á Íslandi eins og annars staðar. Við erum afar þakklát leikskólayfirvöldum, leikskólakennurum, foreldrum og börnum fyrir stuðninginn og þátttökuna í þessu verkefni

Bakteríur sem ónæmar eru gegn helstu sýklalyfjum geta valdið alvarlegum vandamálum við meðferð ýmissa sýkinga og hafa þær verið taldar eitt af helstu heilbrigðisvandamálum samtímans. Mikilvægt er að fylgjast með þróun og breytingum á útbreiðslu ónæmra baktería og er það forsenda þess að hægt sé að bregðast við með réttum hætti. Vorið 2011 var hafin ungbarnabólusetning gegn ákveðnum tegundum af pneumókokkum, en það er baktería sem getur valdið alvarlegum sýkingum, heilahimnubólgu, lungnabólgu og miðeyrnabólgu og einmitt sú baktería sem helst hefur verið tengd sýklalyfjaónæmi hjá börnum. Það er því mjög mikilvægt núna og næstu árin, þegar börn sem bólusett hafa verið koma á leikskólana, að rannsaka hvernig staðan er varðandi þessa bakteríu, bæði hvað varðar sýklalyfjaónæmi og undirteygundir bakteríunnar.

Rannsókn okkar á faraldsfræði pneumókokka hjá heilbrigðum leikskólabörnum undanfarin ár átti mikinn þátt í að stór rannsóknarstyrkur fékkst vorið 2013 til að rannsaka á Íslandi áhrif bólusetningar gegn pneumókokkum, bæði á heilbrigð börn og sjúklingahópa. Árangur rannsókna okkar undanfarin ár er ekki síst að þakka góðu samstarfi við leikskólayfirvöld, leikskólakennara og foreldra leikskólabarnanna. Niðurstöður úr rannsókninni hafa verið kynntar á vísindapöngum bæði innan land og utan.

Rannsóknarhópurinn, sem eins og fyrr samanstendur af læknum og lífeindafræðingum á Landspítala og við Háskóla Íslands, hefur hug á að endurtaka vorið 2020 rannsókn þá á leikskólabörnunum sem framkvæmd hefur verið síðastliðin ár. Leikskólar í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði hafa tekið þátt, fimm í hverju bæjarfélagi. Stefnt er að því að ná ræktunum frá alls 500 börnum í lok febrúar og byrjun mars 2020.

Við höfum hug á eins og áður að bjóða öllum foreldrum barna í fimm leikskólum í hverju bæjarfélagi að taka þátt. Eftir að formlegt leyfi hefur verið fengið frá foreldrum verður sýni

tekið með mjóum ræktunarpinna (mjór pinni með bómull á endanum) úr nefi barnanna. Sýnatakan veldur ekki sársauka en óþægindatilfinningu sem varir aðeins í stutta stund. Foreldrar barnanna fá einnig spurningalista þar sem spurt verður um þætti sem taldir eru stuðla að útbreiðslu ónæmra baktería eins og sýklalyfjanotkun barnanna.

Við yrðum þakklát ef leikskólanefnd Hafnarfjarðar gæfi grænt ljós á að endurtaka rannsóknina.

Leyfi Vísindasiðarnefndar fyrir fyrri rannsóknum var nr. 13-010-S1. Leyfi fyrir framlengingu til ársloka 2022 fékkst í desember 2017. Rannsóknin hefur einnig verið tilkynnt til Persónuverndar (tilkynning nr. S4165/2012).

Síðastliðið vor tóku sem fyrr þátt í rannsókninni í Hafnarfirði leikskólarnir Arnarborg, Álfasteinn, Brekkuhvammur/Smáralundur, Hvammur og Vesturkot. Erum við mjög þakklát hve vel þeir leikskólar stóðu að þessu með okkur. Það væri æskilegt ef þessir sömu leikskólar væru reiðubúnir að taka þátt aftur.

Með bestu kveðju

Ásgeir Haraldsson barnalæknir,
prófessor í barnalækningum og
yfirlæknir á Barnaspítala Hringins, Landspítala
asgeir@landspitali.is

Aðrir rannsóknaraðilar eru:

Helga Erlendsdóttir ábyrgðarmaður rannsóknarinnar
lífeindafræðingur og klínískur prófessor
Sýklafræðideild Landspítalans
helgaerl@landspitali.is

Karl G Kristinsson,
yfirlæknir og prófessor
Sýklafræðideild Landspítalans
karl@landspitali.is